

***BORGARRÁÐ 15. ágúst 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um starfsemi skólaráða yfir sumartímann - R19080072***

Skólaráð starfa samkvæmt lögum um grunnskóla og eru samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólalald. Skólaráð eru skipuð níu einstaklingum til tveggja ára í senn, þ.m.t. tveimur fulltrúum nemenda. Í reglugerð um skólaráð við grunnskóla kemur fram að miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs fyrir lok septembermánaðar. Ef það kemur til þess að skólaráð grunnskóla þurfi að taka ákvarðanir yfir sumartímann, hvernig sinna þau þá störfum sínum ef ráðið er ekki fullmannað sökum þess að fulltrúar nemenda sitja ekki lengur í skólaráðinu vegna útskriftar úr grunnskólanum?